

Ed.

206. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri sildartunnu (108–120 litr.) skal greiða í rikissjóð 75 aura, af hverjum 100 kg. af sildarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum 2 kr. og 50 aura. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og sildarafurðum 60 aura. Af hverjum 100 kg. af sild, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, 25 aura. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum (þurkað, óunnið) 1 krónu.

2. gr.

Af sild, sem seld er til Rússlands eða á annan nýjan markað, greiðist ekkert útflutningsgjald í rikissjóð, ef hver 100 kg. tunna sildar selst undir kr. 25,00, miðað við verð í höfn hjer á landi.

3. gr.

Tvær síðari málsgreinar 2. gr. laganna eru úr gildi feldar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., svo og önnur lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er tvennskonar. Annar sá, að lækka útflutningsgjald af síld, sem er nú orðið nálega fimm sinnum hærra en á flestum öðrum útfluttum afurðum. Hinn tilgangurinn er að samræma útflutningsgjald af sildarmjöli og öðru því, sem úr síld er unnið, við útflutningsgjald af sildinni óunninni. Verður því samfara þessu frumvarp um hækkun á útflutningsgjaldi af sildarlýsi borið fram í sama tilgangi.

Nú ber að greiða í ríkissjóð kr. 1.50 af hverri útfluttri sildartunnu, en af sildarmjöli er útflutningsgjaldið aðeins kr. 1,00 af hverjum 100 kg. Jeg tel það eðlilegt, að útflutningsgjaldið sje miðað við 100 kg af nýrri síld, og ætti þá útflutningsgjald af því lýsi og sildarmjöli, sem fæst úr 100 kg af síld, að vera það hátt, að það gefi sömu tekjur í ríkissjóðinn eins og 100 kg af útfluttri síld.

Til þess að ná þessu samræmi, er hjer farið fram á, að útflutningsgjald af síld sje lækkað niður í 75 aura á tunnu 100 kg, en útflutningsgjald af sildarmjöli verði hækkað upp í kr. 2,50 á hver 100 kg.

Talið er, að úr hverjum 100 kg. af síld fáiist 15—16 kg. af sildarmjöli. Sje útflutningsgjaldið $2\frac{1}{2}$ eyrir á kg., eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, gerir það 38—40 aura á hver 100 kg. sildar. Með hækkun á útflutningsgjaldi á sildarlýsi, nái frumvarp um það fram að ganga, er sjeð fyrir þeirri hækkun, sem þarf til þess, að náð verði 75 aurum í ríkissjóðinn af hverjum 100 kg., sem brædd eru af sildinni, eða sömu tekjum eins og af útfluttri sildartunnu, verði útflutningsgjaldið á útfluttri síld fært niður samkvæmt því, sem farið er fram á í þessu frumvarpi.

Nái bæði þessi frumvörp fram að ganga, sem hjer hefir verið minst á, mun af þeim verða allríflegur tekjuauki í ríkissjóðinn, fram yfir það, sem þarf til þess að vega npp á móti lækkun á útflutningsgjaldinu á sildinni. Er nánar gerð grein fyrir því atriði í greinargerð, sem fylgir með frumvarpi til laga um útflutningsgjald af sildarlýsi.